

Talið er að Stóra-Laxá sé laxgeng að fossi einum, ekki mjög háum, rétt innan við Uppgöngugil. Þótt foss þessi sé ekki mjög hár er hann mikill farartálmi fyrir laxinn þar sem ekki er neinn hylur undir honum og laxinn nær því ekki neinu tilhlaupi fyrir stökk. Þó fara sagnir af að lax hafi sést fyrir ofan foss.

Fáir veiðimenn leggja leið sína að Uppgöngugili, enda vegleysur og langt að fara. Gera má ráð fyrir að gönguferð frá bílplani við Klapparnef upp að Uppgöngugili, geti tekið um 2 – 3 tíma. Eini staðurinn í gljúfrinu austanverðu þar sem fært er niður að ánni, er Uppgöngugil. Leiðin liggur þá meðfram gilbarminum að austan, einstaklega fögur og tilkomumikil gönguleið. Það getur verið erfitt að fara með ánni niður í gljúfrinu sjálfu, sér í lagi ef mikið vatn er í ánni. Enginn ætti að reyna slíkt ferðalag einn síns liðs. Að fara frá Uppgöngugili og veiða sig niður ánni að Hrunakrök, tekur að minnsta kosti 6 tíma.

Veiðimönnum er bent á að þó að “vað” sé yfir ánni við Klapparnef og bílfær slóði liggja upp með ánni að vestan, upp undir Hrunakrök, að vaðið er illfært og því allt eins gott að ganga upp með ánni.


Gljúfurbreiða við Uppgöngugil er efsti eiginlegi veiðistaðurinn í Stóra-Laxá. Til þess að komast að þessum stað þarf að ganga frá bílastæðinu við Klapparnef og tekur það fullhrausta menn í góðri þjálfun um tvo til tvo og hálfan tíma. Leiðin er á fótinn en ekki þarf að klifra upp miklar brekkur. Til að komast að veiðistaðnum er best að fara niður Uppgöngugil en síðan verða veiðimenn að ganga niður gljúfrið vilji þeir komast að næstu veiðistöðum fyrir neðan. Fyrirhöfnin er mikil en ekki er vist að ávinningurinn í samræmi við hana því fáir veiðistaðir eru í gljúfrinu frá Gljúfurbreiðu að ármótum við Skillandsá

Lagt er til að veiða helstu veiðistaði þeim megin sem nöfn þeirra eru staðsett á kortinu.

150. FOSS

149. GLJÚFURBREIÐA er mjög fallegur en viðkvæmur veiðistaður. Það er auðvelt að lesa þennan stað og laxinn liggur alveg niður á broti. Best er að veiða frá austurlandinu, sömu megin og komið er að Uppgöngugili, og þarna er gott að veiða á flugu þótt rými fyrir bakköstin sé að sönnu lítið.

147. SOG Áin fellur í stokki niður í stóran og djúpan hyl sem endar á örgrunnu broti og þar liggur laxinn gjarnan. Sogið verður að veiða frá vesturbakkanum og veiðimenn verða að gæta þess að færa sig varlega úr stað til að fæla ekki fiskinn.



142. **GLJÚFRAOP.** Í sjálfu Gljúfrafraopinu eru þrír veiðistaðir, svo að segja hver ofan í öðrum, og fyrir neðan eru tveir til viðbótar, 140. **FAGRIHYLUR** og 138. **TÁLMI.** Þetta eru fallegir staðir en veiðialagið er lítið svo það er aldrei að vita hvenær rekast má á fisk. Frá Hrunakrök er um 20 mínútna gangur upp að Gljúfrafraopinu.

141. **LAMBAGLJÚFUR**

135. **KRÓKSDALSHYLJIR**

133. **ÁRMÓT** var um langt skeið efsti veiðistaðurinn í Stóru-Laxá sem bar nafn. Nafn sitt dregur hann af ármótunum við Skillandsá. Þetta er fallegur staður en ekki að sama skapi gjöfull.

132. **KLAPPARRENDUR** Nafnið er dregið af rásum í flatrí klöpp í árbotninum en litlum sögum fer af afla á þessum slóðum. líkt og næsta stað fyrir neðan

130. **FOSSHYL**

129. **SKERIÐ** er þröngur gljúfurpollur og neðst í honum skagar klettur upp úr ánni. Besti tókustaðirnir eru fyrir ofan klettinn og sitt hvorum megin við hann og hægt er að veiða þennan stað frá báðum bökkum með maðki eða flugu. Hér má oft sjá væna fiska.

128. **KERIÐ** er lítiill staður sem er fljótveiddur. Hringiða er í hylnum og aðeins er hægt að dangla maðki eða spóni í pyttinn.

127. **SPEGILLINN** er með fegurstu stöðum á Hrunakrökssvæðinu og er hann veiddur frá vesturlandinu. Í hann fellur harður strengur sem endar í djúpum hyl en neðst er fallegt brot og góð lygna. Laxinn liggur mest þar sem fellur úr hylnum en einnig má stundum setja í fisk upp með berginu.

126. **STRENGUR** og 125. **HORNÍÐ** eru smápyttir sem sjálfsagt er að renna maðki í en annað agn fer þar illa.

124. **HRUNAKRÖKSHYLUR** er frægur stórlaxastaður, og líklega engin tilviljun að Guðmundur frá Miðdal reisti sér veiðikofa í nágrenni við hylinn. Þetta er djúpur og stór dammur og háttar þannig til að útfallið úr hylnum kvíslast í svokallaða austur- og vesturkvísl. Besti veiðistaðurinn er á brotinu út af austurlandinu.

Miklu skiptir, þegar veitt er að vestan, að fara alls ekki strax út á klettinn heldur veiða fyrst vesturkvíslina og kasta svo upp í hylinn því laxinn getur legið beint út af klettinum og niður af honum.

123. **AUSTURKVÍSL** er þröngur og hraður strengur niður með berginu þar sem helst má hitta á lax í göngu.


122. **MÓTASTRENGUR** Breytilegur á milli ára.

121. **VADSTRENGUR** Þarna hefur áin grafið sig niður og við það komu í ljós stórir steinar í botninum. Þetta er fallegur malarstrengur sem endar í fallegri flugubreiðu og möguleiki er á góðri veiði þegar komið er fram á haust.

120. **BUGUR** nefnist staður sem er í beygjunni ofan við Klapparnef. Veitt er frá austurbakkanum en þarna breiðir áin úr sér og er fremur grunn. Grjót og smápollar eru í botninum og laxinn virðist stoppa þar á göngu upp ána.

118. **KLAPPARNEF** er þar sem vegar slóðin upp með Stóru-Laxá endar. Laxinn liggur gjarnan í straumjaðrinum framan við klappir við austurlandið og hér hafa veiðst stórir fiskar. Hér er lagt til að veiðimenn leggi bílum sínum og gangi upp í Hrunakrök. Þess skal þó getið að í litlu vatni má fara yfir ána á vaðinu á öflugum bílum. Veiðimenn sýni þó fyllstu aðgætni ef lagt er í vaðið.

117. **MELUR** og 116. **HRISAHYLUR** og eru báðir dæmigerðir malarhyljir sem lítið hafa gefið undanfarin ár.



114. SJÓBIRTINGSHYLUR

112. HESTABREKKUR

109. **KÁLFUR** sést mjög vel frá vegarslóðanum. Þarna rennur áin framhjá stórum steini niður á breiðu og þar eru klapparrásir í botninum. Besti tökustaðurinn er á að giska 15 metrum fyrir neðan þann stað þar sem áin fellur niður á breiðuna.

107. **RANDATAUMAR** og **RANDASKRIÐUR** eru neðstu staðir fyrir ofan Hólmagljúfrið en hvorugur er þess virði að eytt sé tíma í að reyna þar veiði.

106. **STÓRHYLUR** er efstur veiðistaðanna í Hólmagljúfri en þar er varla hægt að veiða vegna löðréttra klettaveggja. Stundum má sjá lax liggja á brotinu og hægt er að kasta á hann frá vesturlandinu.

105. **Í HÓLMAFOSSI** er oftast fiskur og þennan stað er hægt að veiða jöfnum höndum á flugu, maðk eða spón. Laxinn tekur helst þar sem hvítfyssið endar.

104. **PALLURINN** Þarna er stríður strengur og í fljótu bragði gætu menn haldið að laxinn kysi sér annan legustað. Veiða má frá báðum bökkum en frá austurlandinu er helsta ráðið að nota maðk. Að vestan er sjálfsagt að kasta flugunni alveg yfir undir hinn bakkann og þar fer spónn einnig ágætlega.

103. POTTUR

102. **KLAUFIN** er einn besti veiðistaðurinn á svæði IV og liggur laxinn mest beint út af skarði í berginu sem veiðistaðurinn ber nafn sitt af. Nauðsynlegt er að fara að öllu með gát og kasta nánast blindandi út í ána í átt að austurlandinu. Hlaupi fiskur á færið verður að taka vel á honum því voðin er vís fari hann niður úr hylnum.

101. **HÓLMAHYLUR** Lax liggur oft í kverkinni fyrir ofan göngubrúna og upp með bergveggnum. Farið er niður að ánni u.þ.b 50 metrum ofar og hægt er að smokra sér niður með berginu og renna maðki á þessa fiska.


100. **HÓLMABREIÐA** Þetta er jafnan gjöfulasti veiðistaðurinn á svæði IV og þar liggur lax allt sumarið. Best er að hvíla staðinn vel eftir að farið er yfir göngubrúna og veiða síðan frá vesturbakkanum. Þetta er falleg flugubreiða en koma má við öllu leyfilegu agni. Laxinn liggur mikið í klapparrásum á neðanverðri breiðunni og í skjóli við bergvegginn við báða bakkana. Hólmafeyða skal veiða vandlega niður á neðsta brot.

99. **ÁRFELLSRENNUR** eru um 300 metrum fyrir neðan Hólmafeyða. Efst í rennunum eru tveir þokkalega góðir blettir. Djúpur stokkur liggur eftir ánni miðri en þarna eins og annars staðar verða veiðimenn að lesa í vatnið til þess að átta sig á því hvar laxinn liggur hverju sinni.

98. **FLATARBÚÐ** er neðst í Árfellsrennum og þar breiðir áin úr sér niður á lyngt klapparbrot. Helst er að hitta á lax í miðri ánni og úti undir vesturlandin.

96. **ÁRI** og 95. **KLAKI** Báðir staðirnir eru í gljúfri. Sá fyrrnefndi er ekki mikill veiðistaður en Klaki getur stundum gefið veiði.

94. **KLAPPARHYLUR**. Þetta er tvískiptur staður, hylur og breiða. Helst sé að nota maðk í hylnum sjálfum en breiðan er fallegur fluguveiðistaður. Þarna verður að læðast niður með hylnum að austan og veiða brotið. Þar eru klettadrangar í botni og laxinn liggur í rásunum á milli þeirra alveg niður á harða brot. Núorðið er hægt að komast langleiðina að Klapparhyl eftir jeppaslóða.



Lagt er til að veiðimenn taki hér góða gönguferð, leggi einum bíl við Bláhyl og öðrum við Dagmálahl. Veiðimenn geta síðan gengið frá Dagmálahl niður í Bláhyl og veitt á öllum helstu stöðum á leiðinni. Hæfilegt er að gera ráð fyrir 4 – 5 tímum í ferðina, en gangan sjálf er alls ekki erfið og tekur um 1 ½ tíma. Þarna eru margir góðir staðir sem vert er að reyna.

93. **BERGHYLUR** er djúpur og þröngur hylur og þar fyrir neðan er 92. **ÁRFELLSSTOKKUR** en þetta eru ekki miklir veiðistaðir. Þar er djúpur stokkur eftir miðri ánni og grynningar sitt hvorum megin. Helsti tókustaðurinn er efst í stöknum.

90. **DAGMÁLÁHYLUR** er einhver besti veiðistaðurinn á svæði IV en fyllstu aðgátar er þörf þegar farið er niður brekkuna ofan í gljúfrið. Áin fellur í þröngu niður í Dagmálahl og í þessum stað er alls staðar veiðivon. Þar sem áin er þröng er finnt tókustað. Þar er klöpp í botninum og laxinn liggur mest að vestanverðu en oftast er veitt frá austurlandinu. Eftir að áin breiðir úr sér er jafnstreymi niður allan efri hluta breiðunnar og niður undir hana miðja og veitt er alveg niður á blábrotið. Þá má vaða yfir og veiða frá vesturlandinu.

89. **STEEKKUR** nefnist næsti veiðistaður. Hann hefur helst gefið einstaka göngufisk en sumarið 2002 var þar talsverð veiði. 88. **ÍVARSSKJÖL**. Við austurlandið skagar klettanef út í ána sem vaða þarf fyrir. Tókustaðurinn er beint út af og niður af þessu nefi en laxinn getur legið alveg uppi við bakkann.

87. **MYRKHYLUR**. Úr þeim hyl kom stærsti lax sem dreginn hefur verið úr Stóru-Laxá á síðustu árum en hann vó 27 pund. Þótt Myrkhylur sé stór og djúpur staður þarf að fara að með mikilli gát til þess að fæla ekki laxinn. Best er að laumast eftir klettunum niður á eyrina og vaða svo upp í hylinn og kasta yfir að vesturbakkanum. Neðst í hylnum eru brúnir klettur í botninum og laxinn liggur helst fyrir ofan og neðan þá.

86. **TREGUR** er rétt fyrir neðan þar sem Þverá rennur í Stóru-Laxá að austan. Þennan stað á hiklaust að reyna. Þarna er nokkuð djúpt og góð breiða og veiðivonin meiri en nafnið gefur til kynna.

85. **VAD**
84. **VOGSHYLUR** Þetta er stór og mikill hylur en veiðivon er lítil nema efst þar sem áin fellur niður í hylinn.

82. **EFRI-KAMBAHYLUR** og **NEÐRI-KAMBAHYLUR**. Í efri hylnum er besti tókustaðurinn efst en von er á veiði á 15 til 20 metra kafla þar fyrir neðan. Til þess að veiða neðri hylinn þarf að vaða yfir ána á miklu broti fyrir neðan Efri-Kambahl en ekki er hægt að komast að staðnum að austanverðu. Þegar yfir á vesturbakkann er komið er kastað yfir að standberginu á móti og veiðivonin er best fyrir neðan berghornið og niður á stórgrýtisbreiðuna þar fyrir neðan.

80. **KVÍSLARPOLLUR**
78. **HUNDASTAPI** er efstur af svokölluðum Heimahljum. Áin snarþeygir til vesturs undir háum stapa og hér veiðast alltaf nokkrir laxar á sumri.

76. **NÁLARHYLUR** er líklega besti veiðistaðurinn á neðanverðu svæði IV. Hár klettur er við vesturlandið og veitt er niður með honum, alveg niður á breiðuna og grynningarnar þar sem breiðan fjarar út. 74. **HEIMAHYLIJIR** eru tveir til þrjú pyttir með þökkalegri veiðivon, sérstaklega á spæni. Sá neðsti er jafnan gjöfulastur.

73. **BLÁHYLUR** er neðsti veiðistaður á svæði IV. Þetta er feiknalega stór dammur. Þegar lax er að ganga upp ána er veiðivonin mest efst í hylnum en venjulega liggur laxinn við stóra steina sem skaga upp úr ánni fyrir miðjum hyl. Hægt er að hitta á lax alveg niður á brotið fyrir neðan hylinn, einkum þar sem áin rennur meðfram klettinum að vestan.